



Upplýsingar um gátlista

Gátlistinn er hugsaður sem tæki til að aðstoða vefstjóra við örugga uppsetningu grunnkerfa og til að viðhalda öryggi þeirra. Er þá átt við kerfi eins og stýrikerfi, gagnagrunna og annan tengdan hugbúnað sem hýsir og styður veflausnina og nauðsynlegt er að hafa í huga við uppsetningu. Einnig tekur gátlistinn til uppsetninga öryggisviðbóta.

Gátlistinn er ekki tæmandi og er eingöngu hugsaður sem tól sem vefstjórar geta leitað í varðandi hvað ber að hafa í huga þegar kemur að uppsetningu nýrra kerfa, uppfærslum og reglubundnu viðhaldi kerfa sem snerta veflausnir og vefsíður viðkomandi stofnunnar.

Ekki er ætlast til að vefstjórar búi yfir þekkingu á öllum þeim atriðum sem koma fram í gátlistanum. Gátlistinn styður við kafla 6.3. Öryggi grunnkerfa í UT handbókinni. Ef vefstjórar nota gátlistann er gott að setja inn athugasemdir þar sem við á og vista eintak af gátlistanum til uppflettingar.



Útfyllt af:
Dags:
Vefsvæði / lén:

Gátlisti fyrir örugga uppsetningu á stýrikerfum,
netþjónum og gagnagrunnum sem hýsa veflausn



Samantekt yfir atriði tengt öruggri uppsetningu

Atriði

Athugasemdir

Grunnkerfi

- Hefur ábyrgðarmaður verið skráður á póstlista fyrir öryggisuppfærslum þeirra kerfa sem notuð eru?
Sem dæmi um kerfi má nefna: Stýrikerfi, gagnagrunnur, netbúnaður, stuðningshugbúnaður o.fl.
- Hefur verið skilgreint formlegt ferli sem tryggir að brugðist sé við þegar að nýjar öryggisuppfærslur eru gefnar út?
Æskilegt er að brugðist sé við innan þriggja daga frá því að öryggisuppfærslur eru gefnar út
- Hefur verið lokað fyrir allar þjónustur og port á kerfum sem ekki er verið að nota?
- Hefur verið farið yfir notendalista og lokað fyrir lykilorð sjálfgefinna notenda eða þeim breytt?
- Hefur verið staðfest að villumeldingar og atvikaskrár gefi ekki upp viðkvæmar upplýsingar til notenda?
Til dæmis notendanöfn, kennitölur, kortaupplýsingar eða aðrar viðkvæmar upplýsingar
- Er til staðar öryggisbúnaður s.s. eldveggur eða innbrotsvöktunarkerfi?
- Hefur aðgangur að kerfum verið takmarkaður eins og kostur er?
Sem dæmi um kerfi má nefna: Stýrikerfi, gagnagrunnur, netbúnaður, stuðningshugbúnaður o.fl.
- Hafa viðeigandi ráðstafanir verið gerðar til varnar vírusum og óværu á miðlara?